

STARFSLEYFI

UST202108-182

TDK Foil Iceland ehf.
Krossanesi 4, 603 Akureyri
Kt.: 590207-0120

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið TDK Foil Iceland ehf., kt: 590207-0120, til rekstur aflþynnuverksmiðju á Krossanesi, Akureyri. TDK Foil Iceland ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á allt að 2.200 tonnum eða 10.800.000 m² af aflþynnum árlega í allt að 64 vélasamstæðum með allt að 90 m³ heildarrúmmál. Auk framleiðslunnar fer fram þökkun afurða og geymsla hennar fyrir útflutning, auk geymslu á hráefnum og rekstur verkstæðis. Rekstraraðili hefur einnig heimild til þökkunar og reksturs verkstæðis og annarrar þjónustu við starfsemi sína. Rekstraraðili hefur heimild til að framleiða ammóníumfosfat sem hliðarafurð úr vothreinsun.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, búnað, tækjum, geymum og rekstrarsvæði. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun, varanleg eða tímabundin, skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megji út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Gera skal Slökkviliði Akureyrar viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn er stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal sé þess óskað af Umhverfisstofnun að leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga úr umhverfisáhrifum. Tryggja skal gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og umgengni á athafnasvæði

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í verksmiðjunni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Áætlanir skulu vera til staðar um vinnubrögð og þjálfun starfsmanna.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrja starfseminni. Rekstraraðila skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir, ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið eða umgengni og þrifum ábótavant.

Takmarka skal aðgengi almennings rekstrarsvæðinu og gildir það sérstaklega um geymslu hráefna og framleiðsluvöru, sbr. gr. 3.11.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg Síða 4 af 13

eftirlitsaðila. Senda skal Slökkviliði Akureyrar afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengum valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftirlitsaðila er heimilt að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem hafa í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki. Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques for the Surface Treatment of Metals and Plastics, August 2006“.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi.

3.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Koma skal í veg fyrir myndun úrgangs eins og mögulegt er. Stuðla skal að endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og aukaafurða sbr. lög nr. 55/2003. Skila skal til viðurkenndra móttökustöðva spilliefnum og úrgangi sem verður til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni og hentar hvorki til endurnotkunar né endurvinnslu. Varanleg geymsla, urðun og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjувæðinu er óheimil.

Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum, enda er geymsla þeirra ekki heimil.

3.3 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

Hráefni

3.4 Hráefnageymsla

Hámarksmagn efna á lager skal vera skv. eftirfarandi töflu:

Efni	Hámarksmagn efna á lager (tonn)
Lífræn sýra, mín 88%	25
Saltsýra (HCl), 33-37%	155
Vítissódi (NaOH), 50%	200
Fosfórsýra (H ₃ PO ₄), 75%	205
Brennisteinssýra (H ₂ SO ₄), 50%	90
Ammóníumhýdroxíð (NH ₄ OH), 25%	60
Bórsýra (H ₃ BO ₃)	12

3.5 Meðhöndlun efna og flutningur hráefna

Öll geymsla hráefna, framleiðsluvöru og úrgangs utan dyra skal vera á afgirtu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður. Fljótandi hráefni skulu vera á geymum með árekstrar- og lekavörn. Flutningar hráefna skulu skipulagðir og fyrirfram skilgreindir til að fyrirbyggja óþarfa losun eða mengunarslys. Verklagsreglur skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit. Við hönnun og frágang geymslусвæðis skal taka tillit til eðlis viðtaka, magns og eðlis skólps, lekavarna og yfirfalls vegna ofanvatns.

Loft

3.6 Losunarmörk fyrir ammóníak og önnur lyktarmengun

Hámarksstyrkur ammóníaks í útblæstri frá verksmiðjunni miðast við 10 ppm. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir lyktarmengun í umhverfi verksmiðjunnar.

Vatn

3.7 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Vatn skal endurnýta eins og kostur er. Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Sýni mælingar að styrkur efna fari yfir mörk í frárennslisvatni skal rekstraraðili gera Umhverfisstofnun viðvart og tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns áður en því er veitt í viðtakann. Umhverfisstofnun getur kallað eftir mælingum samkvæmt gr. 2.8 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavant.

Frárennslisli sem getur innihaldið olíu eða önnur olúkennd efni skal leitt um sandsíur í olúskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olúskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olúskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskilju.

3.8 Kælivatn og yfirborðsvatn

Kælivatn skal vera sjór og heimilt er að leiða hann beint aftur í Eyjafjörðinn. Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatnið skal leitt um sandsíur og olúskiljur. Útskolunarpróf skal a.m.k. einu sinni fara fram á sandi úr sandsíum áður en urðun hans hefst þannig að tryggt sé að um óvirkan úrgang sé að ræða. Eftirlitsaðili getur farið fram á endurtekningar á slíku prófi á starfsleyfistímanum sé ástæða til.

3.9 Losunarmörk fyrir fráveitu

Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir fráveitu:

Efnispáttur	Hámarkslosun, mæld sem ársmeðaltal
Lífrænt efni - súrefnisþörf (mælt sem COD)	100 mg/l
Heildarmagn svifagna (TSS)	35 mg/l
Heildarmagn köfnunarefnis (TN)	25 mg/l
Heildarfosfór (TP)	30 mg/l
Heildarmagn nikkel (gefið upp sem Ni)	0,2 mg/l

Sýrustig (pH) í fráveitu skal vera á bilinu 6 -10.

3.10 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemi rekstraraðila getur haft áhrif á strandsjávarvatnshlotið Eyjafjarðarbotn (nr. 102-1321-C). Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott ástand. Reksturinn má ekki valda því að vistfræðilegu og/eða efnafræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun.

Í strandsjávarvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó (níturat, fofat, blaðgrænu a, hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörungum á hörðum botni) svo hægt verði skera úr um álag og ástandsmeta vatnshlotið. Skulu mælingarnar fara fram á sex ára fresti, sbr. gr. 4.6, og

hefst næsta almannaksár eftir útgáfu leyfisins. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið sín verður tíðni vöktunar í viðtaka endurskoðuð.¹

3.11 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu vegna rekstrar.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Mæliáætlun

Rekstraraðili skal vera með tímasetta mæliáætlun sem felur í sér að fylgst sé með losun sbr. 3. kafla þessa starfsleyfis sem rekstraraðili leggur fram fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar, endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnun eftir því. Fram þarf að koma aðferðafræði, þ.m.t. hvort notaðar séu beinar eða óbeinar aðferðir við mælinguna.

4.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarna- og vöktunarbúnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3.
- Tæmingu olíuskilja og sandsía ásamt staðfestingu á viðeigandi förgun efnis.
- Niðurstöður mengunarmælinga.
- Prófun og kvörðun mælibúnaðar.
- Efnainnihald hráefna og eldsneytis.
- Niðurstöður hávaðamælinga.
- Meðferð úrgangs.
- Magn efna á lager sbr. gr. 3.2.
- Kvartanir vegna starfseminnar

Niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

¹ Verði frárennsli tengt inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins fellur þessi krafa niður.

4.3 Framkvæmd mælinga

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

4.4 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti, sbr. gr. 4.5. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

4.5 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

4.6 Umhverfisvöktun²

Rekstraraðili skal vera með vöktunaráætlun til að vakta helstu þætti losunar í umhverfinu. Fylgjast skal með umhverfisstyrk þeirra efna sem losunarmörk gilda fyrir, sbr. gr. 3.7 og greina orsakir losunarinnar. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega.

Rekstraraðili skal á sex ára fresti vakta gæðapætti í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þessir gæðapættir eru vetrarstyrkur nitrats og fosfats, og svifþörungur (blaðgræna a) og hryggleysingjar að sumri. Mælingar þessar eru nýttar til að ástandsmeta vatnshlotið. **Aðferðir við sýnatöku skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Hafrannsóknarstofnunar um sýnatökur.** Tryggja þarf samanburðarhæfni í sýnatökum og mælingum.

MÆLIÞÆTTIR Í STRANDSJÓ	HVENÆR ÁRS	TÍÐNI MÆLINGA	AÐFERÐ
Nítrat (NO ₃)	Vetur (janúar - mars)	4	
Fosfat (PO ₄)	Vetur (janúar - mars)	4	
Blaðgræna a	Sumrin (mars- okt)	4	
Hryggleysingjar	Sumrin (mars- okt)	1 (3 botngreipar)	Tegundafjöldi og fjölbreytileiki hryggleysingja á mjúkum botni

Sýnatökustaðir skulu valdir með tilliti til umhverfisaðstæðna í námunda við útrás. Æskilegt er að taka sýni af hryggleysingjum á mjúkum botni í straumstefnu sjávar frá útrásaropi á tveimur stöðum. Fyrri sýnatökustaður um það bil 100 metra frá útrás í straumstefnu útrásar. Seinni sýnatökustaðurinn um það bil 200 metra frá í sömu stefnu. Þriðja sýnið skal tekið á viðmiðunarstað sem er ekki undir mögulegum áhrifum af mengun. Ákveða skal sýnatökustaði með sýnatökuaðila og Umhverfisstofnun.

² Verði frárennsli tengt inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins fellur þessi krafa niður.
Síða 9 af 13

Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að álag á umhverfið sé meira en búist er við eða ef gildi fara fram úr viðmiðum reglugerða, skal vöktunaráætlun endurskoðuð með tilliti til þessa álags.

5 GJALDSKYLDA

Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, lið 2.6. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í I. viðauka, lið 2.6. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald fyrir starfsleyfið og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júní 2039. Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 01. júní 2023

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
Forstjóri

Rakel Sæmundsdóttir
Sérfræðingur

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til fyrir 1. maí ár hvert.
- Fyrsta vöktun gæðapátta sbr. gr. 4.6 skal fara fram á næsta almannksári eftir útgáfu starfsleyfisins, sbr. gr. 3.10, og í framhaldi af því á sex ára fresti. Niðurstöðum skal skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar að loknum mælingum.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis TDK Foil Iceland ehf.

1. Almenn

TDK Foil Iceland ehf. sótti um nýtt starfsleyfi þann 18. ágúst 2021. Eldra starfsleyfi var í gildi til 31. desember 2021 en var framlengt til 31. desember 2022 þar sem fyrir lág fullnægjandi umsókn. Vegna dráttar á starfsleyfisvinnslunni fékk TDK Foil svo undanþágu frá starfsleyfi sem gildi til 1. júní 2023.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að nýju starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 27. apríl 2023 til og með 26. maí 2023. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 27. apríl 2023. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkyning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Akureyrarbæjar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmdirnar voru tilkyningaskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000 og voru þær tilkynntar til Skipulagsstofnunar þann 18. desember 2007. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdirnar væri ekki háðar mati á umhverfisáhrifum þann 18. mars 2008. Þann 27. mars 2009 var Skipulagsstofnun tilkynnt um breytingar á framkvæmdinni en Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að þær breytingar væru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum þann 13. maí 2009. Í umsögnum Umhverfisstofnunar dagsettum 15. janúar 2008 og 4. maí 2009 taldi stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum. Þann 3. febrúar 2012 var Skipulagsstofnun tilkynnt um fyrirhugaða stækkun á framkvæmdinni, en Skipulagsstofnun úrskurðaði 22. febrúar 2012 að stækkunin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sú stækkun hefur aldrei komið til framkvæmda og er umfang starfseminar í samræmi við framkvæmdina sem var tilkynnt 18. desember 2007 og 27. mars 2009.

3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerðar voru breytingar frá auglýstri tillögu sem flestar snúa að orðalagi og lagatívlísum.

- Í gr. 2.3 var bætt inn kröfum í samræmi við reglugerðir nr. 1400/2020 og nr. 884/2017.
- Í gr. 2.7 var bætt inn kröfu um staðfestingu á bráðamengunartryggingu og í 4.2 kröfu um skráningu kvartana vegna starfseminnar.
- Á gr. 3.2 voru gerðar orðalagsbreytingar, lagatívlísun var bætt við og ákvæði um með meðhöndlun úrgangs á verksmiðjussvæði bætti inn.
- Lagatívlísanir í gr. 1.4 voru lagfærðar auk þess sem heiti gr. 1.5 var breytt.
- Gr. 1.8 var einfölduð.
- Orðalagsbreytingar voru gerðar á gr. 1.6, 2.1, 2.6, 4.4, 5 og viðaukanum.

5. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir TDK Foil Iceland ehf. Umhverfisstofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.